

| Fundargerð | Dagsetning | 22.10.2021 |
|--------------|---|-------------------------|
| Verkefni | 4. Stjórnarfundur Þjóðveldisbæjarins 2021 | Verkefnisnúmer 00757 |
| Fundarstjóri | Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir | Fundarritari GÓB |
| Pátttakendur | Einar Bjarnason, Hrönn Konráðsdóttir og Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir | Frá klukkan 11.00 |
| Forfallaðir | | Til klukkan 12.00 |
| Fundarstaður | Microsoft Teams - fjarfundur | |

Fundarefni

1. Sumarið 2021

Þjóðveldisbærinn var opin frá 1. júní til 31. ágúst, alla daga frá kl. 10-17. Það lokaði einn dag, þann 20. júlí vegna kvikmyndatöku. Heilt yfir gekk reksturinn vel. Sumarstarfsmenn voru þrír, Ragnheiður, Salome og Söldís.

Á hverju ári skrifa starfsmenn sumarskýrslu þar sem farið er yfir heimsóknatölur, hvað gekk vel og hvað má bæta.

Hrós

Við fengum hrós varðandi eldstæðin og hversu mikil áhrif þau hefðu á upplifun gesta, þá bæði gufan og hljóðið. Hnefataflið var mjög vinsælt og gestir dvöldu oft lengi við að spila. Í sumar voru keyptir skildir, sverð og axir og voru gestir mjög ánægðir með það. Það komu nokkrar fyrirspurnir um hvort það væri hægt að kaupa þessa hluti. Eins fékk búið góða umsögn frá gestunum, hangandi tvíreykta hangikjötið með sinni lykt hafði jákvæð áhrif eins líka plöntur sem starfsmenn höfðu týnt og stillt upp í búrinu. Söldís setti upp spjaldvefnað og var mjög dugleg að fræða gesti og sýna þeim handbragðið sem gestir voru mjög ánægðir með.

Umræður: Hugmyndir um að virkja starfsfólk í þeirra áhugamálum eins og Söldís og hvetja þau áfram í að sýna gestum.

Farið var yfir hvað má bæta – næstu verkefni

Salernisaðstaðan þarfnast verulegrar yfirhalningar, mála þarf vegg og skoða hvort að það sé hægt að setja stærri vaska inn á salernin eða setja vatnsvél.

Geymslan þarfnast tiltekta, bæta þarf þrifaðstöðu (þvottahúsvaskur o.fl.)

Stubbahús við bílastæði


Ruslatunnur við bílastæði. Ruslatunnurnar voru fjarlægðar fyrir tveimur árum síðan vegna vandamála sem fylgdi þeim. Stjórnin var sammála um að vera ekki með ruslatunnur á bílastæðinu. Heimasíða er í vinnslu en gengur mjög hægt. Ef hún verður ekki komin eitthvað áleiðis í uppsetningu í janúar þá var stjórnin sammála um að kaupa þyrfti þjónustuaðila til að klára verkefnið og tryggja að heimasíðan verði opnum fyrir maí 2022.

Minjagripir, gestir spyrja mikið út í hvort að það sé hægt að versla minjagrip. Stjórnin var sammála um að skoða þetta frekar, áherslan yrði á vörur sem væru framleiddar á Íslandi og hefðu einhverja tengingu við svæðið.


Sala á bæklingum (bókum) hefur verið frekar dræm, seldist ein bók í allt sumar þrátt fyrir að verð hafi verið lækkað verulega. Rætt var um að gefa bækurnar t.d. til leiðsögumanna, bílstjóra, skólahópa og svo framvegis.

Heimsóknatölur milli ára

Heildarfjöldi gesta í ár voru 4509 gestir, þetta er lækkun frá því á síðasta ári. Innendum gestum fækkaði á meðan að erlendum gestum fjölgaði, eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.



Þegar að skoðuð er dreifing á milli mánaða, sjá mynd hér fyrir neðan, þá má sjá að heimsóknnum í júlí fækkaði verulega. Gera má ráð fyrir að helsta ástæðan fyrir því sé að innlendir gestir hafi haldið sig í góða veðrinu sem var fyrir norðan og austan í sumar.



Skoðuð var dreifing eftir vikudögum og voru flestir gestirnir að koma um helgar, laugardaga og sunnudaga. Virkir dagar voru frekar jafnir í heildina en komu þó í þessari röð miðvikudagar, fimmtudagar, mánudagar, þriðjudagar, föstudagar.

2. Leikmunir fyrir Þjóðveldisbæinn



Töluvert af leikmunum voru keyptir í sumar, tuskudýr, sverð, skildir, axir, skálar, spil, skeiðar og fl. Farið var yfir þá leikmuni sem ekki var gengið frá í sumar, sjá hér fyrir neðan í verkefnalista. Það helsta sem var rætt um á verkefnalista var vefstóllinn, þar vantar hluti sem þarf að smíða. Hrönn ætlar að senda á Einar upplýsingar um þá hluti, bæði útlit og stærð, jafnvel láta mynd fylgja. Einar fer þá í að ræða við Guðmund Magnússon vaðrandi smíði á þessum hlutum.

3/3

22. október 2021

3. Næsta ár

Rætt var um fundarskipulag, stjórnarmenn voru sammála um að halda 3 fundi á ári. Aðalfund, vorfund og haustfund, fleiri ef þörf þykir t.d. í tengslum við stærri verkefni eða ákvarðanir. Rætt var um framtíðina og rekstrarformið á bænum. Vangaveltur um hvernig bænum farnist best í framtíðinni. Vel var upp þeim möguleika, sem hefur verið ræddur áður, að bjóða reksturinn út. Einnig var rætt um hvort að sveitarfélagið sæi tækifæri í að reka bæinn, Einar ætlar að fjalla um málið í sveitastjórn og óska eftir umræðum. Ljóst er að ef rekstrarforminu verður breytt þá þarf að gera breytingar á máldaga.

Rætt var einnig um þann möguleika að girða bæinn af og taka gjald fyrir að ganga inn á svæðið en ekki bara taka gjald inn í bæinn. Glaumbær í Skagafirði hefur gert þetta og Guðrún mun hafa samband við aðila þar og fá upplýsingar um kosti og galla.

4. Stafn

Ljóst er að setjast þarf niður og vinna plan varðandi viðgerð á stafni. Verkefninu hefur verið frestað of oft sem er ekki gott. Rætt var um að setja upp plan og skýra verklag og tímaáætlun betur og tryggja að verkefnið verði unnið á næsta ári.

Verkefnalisti

| Samþykktir/Verkefni | Ábyrgðarmaður | Athugasemdir | Dags. Lokið |
|---------------------|---------------|-----------------------|-------------|
| 1. Vefstóll | Hrönn | Viðgerð og uppsetning | Apríl 2022 |
| 2. Varafeldur | Hrönn | Samband við Ásdísi | Apríl 2022 |
| 3. Tákörfur | Guðrún | Skoða betur | Apríl 2022 |
| 4. Skreið | Einar | | Apríl 2022 |
| 5. Hangilæri | Guðrún | Leikmunir/gervi | Apríl 2022 |
| 6. Leirskálar | Guðrún | Er í ferli | Apríl 2022 |
| 7. | | | |
| 8. | | | |